



374. Stjórnarfundur haldinn 19. maí 2011 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir. (BS)

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá fimleikadeild Kef v/ heimildar til yfirdráttar tímabundið. *Samþykkt að veita fimleikadeild Keflavíkur heimild til yfirdráttar í Landsbanka Íslands að upphæð sexhundrað þúsund króna til 31. október 2011, framkvæmdastjóra falið málið.*

Tölvupóstur frá Lilju Sigurgeirsdóttur v/ heimildar til að nota logo félagsins. *Framkvæmdastjóra falið að afla frekari gagna um hver hlutdeild félagsins sé í þessu áður en heimild er gefin fyrir notkun á lógói félagsins..*

3. Send bréf.

Send hafa verið út boðsbréf v/ samsætis til heiðurs kvennaflokkum körfunnar.

4. Íþrótt- og leikjaskóli.

Hólmar Örn Rúnarsson íþróttafraeðingur hefur verið ráðin. Eitt námskeið verður í boði og það frá 6. júní til 1. júlí. Auglýst verður í Víkurfréttum.

5. Samsæti til heiðurs kvennakörfu Keflavíkur

Samsæti til heiðurs kvennakörfunni verðu í kvöld 19. maí kl. 19:00. Samið hefur verið við körfuna að sjá um veitingar. Hljóðkerfi er komið. Oddgeir Karlsson mun sjá um að taka myndir fyrir okkur. Búið er að tala við fjölmiðla og fengum við Pál Ketilsson frá Víkurfréttum í lið með okkur. Dorrit Moussaieff forsetafrú mun heiðra samkomuna ásamt öðrum góðum gestum.

6. Önnur mál.

Búið er að halda fundi með stjórnnum knattspyrnu- fimleika- sund- og taekwondo deildum félagsins.

Næsti fundur með stjórnnum deilda verður mánudaginn 23. maí kl. 18:15 með skotdeild og 19:15 með badmintondeild.

KG sagði frá fundi íþrótt- og tómstundaráðs RNB sem hann sat sem fulltrúi ÍRB. Afrekstyrkir til iðkenda (landslíðsferða) eru en óafgreiddir og ekki búið að blása þá af. Æfingasvæði fyrir aftan Reykjaneshöllina er að verða klárt en vantar aðstöðu fyrir iðkendur. KG sagði ráðinu frá aðstöðuleysi taekwondodeildar Keflavíkur, en staðsetningin hefur klárlega áhrif á fækkun iðkenda í deildinni. Ráðinu er kunnugt um þessi vandræði deildarinnar varðandi aðstöðu á Ásbrú.

Næsti fundur boðaður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:00

Fundinn ritaði SG

